

Samráðsfundur um gestastofu í Þjórsárdal haldinn í Árnesi 21. janúar 2020.

Mætt voru:

Minjastofnun: Uggi Ævarsson

Umhverfisstofnun: Ólafur A. Jónsson og Aron Geir Eggertsson

Skógræktin: Hreinn Óskarsson, Trausti Jóhannsson, Jóhannes Sigurðsson

Efla: Gísli Gíslason

Rauðukambar. Magnús Orri Schram og Hartmann Kárason

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Skafti Bjarnason, Kristófer Tómasson, Einar Bjarnason

Uppsveitir, Ásborg Arnþórsdóttir

Tilgangur fundar: Umræður um gestastofu í Þjórsárdal.

Hugmynd um gestastofu í Þjórsárdal er bæði gömul og ný. Markmið fundarins var að taka umræðu um hvort hlutaðeigandi aðilum hugnist að byggð verði upp gestastofa og þá hvar best væri að staðsetja hana. Að byggja gestastofu er ekki einfalt mál og að mörgu að hyggja. Hverjur eiga að standa að slíku verkefni, hver á að byggja, fjármagna, annast rekstur, hvar á að staðsetja slíka gestastofu og hvað á hún að innihalda, hvert er markmið/tilgangur með slíkri stofu.

Ýmsir verkefni eru í gangi í Þjórsárdal um þessar mundir. Uppbygging á vegum Rauðukamba ehf, Friðlýsingarferli á vegum Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar, verkefni Skógræktarinnar og útvistarskipulag á vegum sveitarfélagsins.

Rauðukambar ehf stefna á að opna baðstað og hótel í Reykholti í Þjórsárdal árið 2024. Fyrir liggur að Rauðukambar ehf munu byggja upp gestamóttöku í tengslum við sitt verkefni, þar sem verða bílastæði og gestamóttaka og frá þeim stað verða gestir síðan keyrðir í sérstökum bílum að baðstaðnum í Reykholti. Endanleg staðsetning hefur ekki verið fastsett. Hugmynd er um staðsetningu á flatlendi á gervigígasvæði. Vilja gjarnan nota gömlu Sprengisandsleiðina sem akstursleið að baðstaðnum (reiðleið í dag). Einnig er fyrirhuguð uppbygging í Hólaskógi.

Nú er lag að skoða heildarmyndina í Þjórsárdal og kanna möguleika á samvinnu og samlegðaráhrifum hinna ýmsu verkefna. Meðal annars hvort fleiri hefðu áhuga á að koma að uppbyggingu gestastofu sem hefði þá margvíslegan tilgang.

Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um staðsetningu slíkrar gestastofu í gegnum tíðina t.d.

við Þjóðveldisbæ, á Sandártungusvæðinu, við Hjálparfoss, við vegslóða að Reykholti.

Innkoman í Þjórsárdal ! og hvar er hún ?

Rætt var um gestastofur í tengslum við áform um háleldisþjóðgarð. Engar þjóðgarðs gestastofur eru komnar til umræðu hjá Umhverfisstofnun á þessu stigi.

Mikilvægt er að huga að tilgangi og markmiði með gestastofu. Á þetta að vera gestamóttaka, fræðslumiðstöð, sýning, aðstaða fyrir landverði o.s.frv. Hagaðilar eru margir.

Góðar umræður urðu á fundinum og ákveðið að næstu skref væru að hver stofnun setji fram sínar þarfir/óskir varðandi gestastofu í Þjórsárdal og hugmyndir um aðkomu að verkefninu. Þessar hugmyndir verði sendar á Kristófer sveitarstjóra innan 4 vikna og menn hittist svo aftur fyrir pásku. Framundan eru undirskrift vegna friðlýsingar Umhverfisstofnunar og íbúafundur vegna friðlýsingar Minjastofnunar.